

Föstudaginn 2. júní 1972.

Nr. 83/1971. **Helgi Gestsson**
 (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
Matthíasi Karelssyni og
Svanhildi Karlsdóttur
 (Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1971 og krafizt þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 19.041.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. nóvember 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er gagnkrafa stefndu sprottin af skuldaskiptum aðilja málsins vegna smíðis eldhúsinnréttinga. Leitt er í ljós, að stefndu hafi verið veittur afsláttur, kr. 20.000.00, vegna þeirra skuldaskipta. Stefndu hafa ekki fært sönnur að því, að þau eigi frekari kröfur á hendur áfrýjanda vegna greindra skuldaskipta, og verður gagnkrafan því ekki tekin til greina.

Að svo vöxnu ber að dæma stefndu til að greiða óskipt áfrýjanda kr. 19.041.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1969 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða óskipt áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

Það athugast, að kröfugerð lögmanns stefndu í héraði, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, var óljós.

Dómsorð:

Stefndu, Matthías Karelsson og Svanhildur Karlsdóttir, greiði óskipt áfrýjanda, Helga Gestssyni, kr. 19.041.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 27. nóvember 1970.

Stefnandi málsins er Helgi Gestsson trésmiður, Bergstaðastræti 33 hér í borg.

Stefndu eru Matthías Karelsson, Safamýri 67 hér í borg, og Svanhildur Karlsdóttir, sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum kr. 19.041.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 23. nóvember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur af hálfu stefndu eru þær, „að stefndu verði með dómi viðurkenndur réttur til skuldajöfnunar og eftir atvikum með sjálfstæðum dómi skaðabætur að upphæð kr. 50.000.00 eða afsláttur frá eldhúsinnréttingu af sömu upphæð á hendur stefnanda máls þessa“. Til vara er krafizt annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins. Þá krefjast stefndu málskostnaðar sér til handa.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi tók að sér á árinu 1968 að smíða eldhúsinnréttingu fyrir stefndu í íbúð stefndu að Safamýri 67, sem þá var verið að fullgera. Var umsamið, að stefnandi smíðaði eldhúsinnréttinguna samkvæmt teikningu. Skyldi verkinu lokið 1. október 1968. Tók stefnandi að sér að smíða eldhúsinnréttinguna fyrir samtals kr. 80.000.00, og skyldi uppsetningarkostnaður vera þar innifalinn.

Stefnandi tók jafnframt að sér á sama ári að vinna í tímavinnu fyrir stefndu við að endurbæta fataskáp, smíða gluggakistur og

fleira. Hefur stefnandi lagt fram reikning fyrir þessa vinnu sína. Er reikningurinn dags. 23. nóvember 1968. Er krafa stefnanda samkvæmt reikningi þessum sundurliðuð þannig:

1. Efni	kr. 4.881.00
2. Vinnulaun	— 14.160.00

Samtals kr. 19.041.00

Á reikninginn hefur verið skráð eftirfarandi:

„Greiðist með jöfnum afborgunum kr. 6.000.00 per mánuð, og fyrsta afborgun verður 25. júlí 1969. Reykjavík, 23. nóvember 1968. Matthías Karelsson“.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefndu, að fljótlega eftir að stefnandi lauk við smíði eldhúsinnréttingarinnar, hafi stefndu kvartað undan göllum á plasti eldhúsinnréttingarinnar. Samkvæmt málf lutningi aðilja fóru fram samningaumleitanir milli stefnanda og stefndu um úrbætur á göllum þessum, sem stefndu lýsa þannig, að gulleitar rákir hafi komið fram á þrem rennihurðum og einni skáphlið, en auk þess hafi plastið verið meira og minna skellótt og mjög áferðarljótt. Ekki náðu aðiljar málsins samkomulagi um úrbætur á göllum þessum. Stefndu, sem aðeins höfðu greitt kr. 60.000.00 upp í eldhúsinnréttinguna, neituðu að greiða meira af umsömdu verði hennar, og auk þess neituðu þau að greiða hinn umstefnda reikning, sem áður hefur verið lýst, að fjárhæð kr. 19.041.00.

Hinn 20. október 1970 ritaði lögmaður stefnanda stefnda Mattríasi Karelssyni bréf. Í bréfinu segir m. a.:

„Til mín hefur leitað Helgi Gestsson, Bergstaðastræti 33, Reykjavík, og hefur falið mér að innheimta hjá yður skuldir að fjárhæð samtals kr. 39.041.00 ásamt dráttarvöxtum og innheimtulaunum samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.“

Skuldir þessar eru samkvæmt tveimur reikningum, dags. 1. okt. 1968, upphaflega að fjárhæð kr. 80.000.00, en nú að eftirstöðvum kr. 20.000.00, og eru vegna smíði eldhúsinnréttingar skv. verkbeiðni, dags. 3. júlí 1968, og reikningi, dags. 23. nóv. 1968, að fjárhæð kr. 19.041.00, og er fyrir smíði fataskáps, gluggakistu o. fl. og árituðum af yður sama dag“.

Lögmaður stefndu ritaði af þessu tilefni bréf til lögmanns stefnanda. Bréfið, sem dagsett er 30. október 1970, er svohljóðandi:

„Efni: Kröfubréf yðar f. h. Helga Gestssonar á hendur umbj. mínum, Matthíasi Karelssyni, dags. 20. þ. m.

Vegna kröfugerðarinnar er tekið fram, að verulegir gallar hafi komið fram í harðplasti í téðum eldhúsinnréttingum. Er harðplastið í innréttingunni mikið til ónýtt vegna flekkja og bletta, sem á það hafa fallið, auk upplitunar. Af þessum sökum er krafizt afsláttar af kaupverði og uppsetningar og smíðakostnaði innréttinganna, að upphæð kr. 20.000.00, og eru umbj. okkar þá skuldlausir hver við annan. Önnur leið er sú, að umbj. yðar geri að fullu við innréttingarnar, á eigin kostnað, og er umbj. minn þá reiðubúinn til þess að greiða umrædda skuld, en fyrr ekki.

Ég hefi ekki ennþá beðið um tilnefningu matsmanna til þess að spara umbj. yðar kostnað, en áskil mér rétt til þeirrar sönnunarleiðar, ef ekki er samið um mál þetta með viðunandi hætti“.

Stefnandi féllst á að veita stefndu kr. 20.000.00 í afslátt af eldhúsinnréttingunni. Lögmaður stefnanda kveðst hafa tilkynnt lögfræðingi stefndu um það, að stefnandi féllist á afslátt þennan. Jafnframt hafi verið um það samið, að stefndu greiddu reikning þann, sem nú er stefnt fyrir í málinu.

Ekki varð af því, að stefndu greiddu hinn umstefnda reikning, og höfðaði stefnandi þá mál þetta hinn 27. nóvember 1970.

Hinn 8. desember 1970 ritaði lögmaður stefndu beiðni um útnefningu matsmanna, þar sem hann óskaði þess, að dómkvaddir yrðu tveir skoðunar- og matsmenn „til þess að meta til peningaverðs galla á eldhúsinnréttingu í íbúð umbjóðanda míns, Matthíasar Karelssonar, Safamýri 67 hér í borg“.

Dómkvaddir voru húsgagnasmíðameistararnir Þorsteinn Hjálmarsson og Sigurður Úlfarsson. Skiluðu þeir matsgerð, sem dags. er 19. desember 1970. Í matsgerðinni segir m. a.:

„Við athugun kom fram, að áberandi gallar eru á plasti á þremur rennihurðum og einni skáphlið. Plastið er hvítt með mattri áferð, og koma nefndir gallar fram sem gulleitar rákir.

Til þess að bæta úr þessu teljum við þurfa að skipta um plast á áðurnefndri hlið, en hurðum teljum við nóg að snúa við, þar sem sams konar plast er innan á þeim, og reyndist það við athugun gallalaust.

Kostnað við áðurnefndar lagfæringar teljum við hæfilega áætlaðan:

Vinna, 17 tímar á 240.00	kr. 4.080.00
Plast og lím	— 800.00
Aksturskostnaður	— 400.00

Kr. 5.380.00

Það skal tekið fram, að söluskattur er ekki innifalinn í liðnum um vinnukostnað“.

Matsgerð þessi hefur verið lögð fram af hálfu stefndu. Af hálfu stefndu hefur matsgerðinni þó verið mótmælt sem rangri og fjarstæðukenndri. Er á það bent af hálfu stefndu, að í matinu hafi matsmenn ekki tekið tillit til þess, að yfirleitt sé allt plastið á eldhúsinnréttungunni stórkostlega gallað.

III.

Kröfu sína í málinu styður stefnandi þeim rökum, að aðiljar málsins hafi með áðurgreindum yfirlýsingum orðið ásáttir um að gera eldhúsinnréttunguna upp á þann hátt, að hann gæfi kr. 20.000.00 í afslátt af henni. Eftir standi þá hin umstefnda skuld, kr. 19.041.00, og beri stefndu að greiða hana.

Af hálfu stefndu er reikningnum að fjárhæð kr. 19.041.00 út af fyrir sig ekki mótmælt. Hins vegar eigi þau rétt á meiri afslátt eða hærri skaðabótum en kr. 20.000.00 vegna gallanna á eldhúsinnréttungunni, enda hafi enginn samningur komið á með aðiljum um, að stefndu sættu sig aðeins við síðastgreinda fjárhæð. Er á það bent af hálfu stefndu, að tilboð stefndu í bréfinu frá 30. október 1970 beri að skilja svo, að bótakrafa eða afsláttarkrafa stefndu falli niður gegn því, að allar kröfur stefnanda féllu niður, og er í því sambandi vitnað í orðalagið, „og eru umbjóðendur okkar þá skuldlausir hver við annan“. Þessu boði hafi ekki verið sinnt. Beri því að meta stefndu sjálfstæðan afslátt eða skaðabætur allt að kr. 50.000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins. Er á það lögð áherzla af hálfu stefndu, að eigi megi hafa neina hliðsjón af mati hinna dómkvöddu matsmanna, enda sé matið svo fjarstæðukennt, að það eigi ekki að koma til álita.

IV.

Aðild stefndu að málinu hefur ekki sætt neinum andmælum af þeirra hálfu.

Dómendur fóru á vettvang 20. apríl 1971 og skoðuðu nefnda

eldhúsinnréttingu. Stefnandi mætti við vettvangsgönguna og stefnda Svanhildur auk lögmanna aðilja.

Eldhúsinnréttingin er smíðuð úr tekki og plastplötum. Plastið er með mattri áferð. Auk hinna gulu ráka, sem matsmenn greina frá í matsgerð sinni, koma fram í plastinu flekkir og blettir, sem eru mjög til lýta á innréttingunni. Á vettvangi neitaði stefnandi að upplýsa, hvar hann hefði fengið plastið, sem hann notaði til verksins. Ekki geta hinir sérfróðu meðdómendur staðhæft neitt um framleiðanda plastefnis þessa. Telja þeir líklegt, að hinar gulu rákir eigi rætur sínar að rekja til rangrar meðferðar, þegar plastið var límt á, eða að plastið hafi verið svo lélegt, að það hafi ekki þolað venjulega meðferð í límingu. Það er samdóma álit dómsins, að flekkir þeir og blettir auk hinna gulu ráka, sem fram koma í plastinu, séu til stórra lýta og þar sé um að ræða verulega galla, sem rýri verðgildi innréttingarinnar mun meir en nemur fjárhæð þeirri, sem í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna greinir. Þegar virt eru málsatvik, málflutningur aðilja og þær sönnunarreglur, sem hér eigi við, þykir þrátt fyrir nokkuð óljósan málflutning af hálfu stefndu rétt að líta svo á, að stefndu eigi rétt á frekari afslætti en stefnandi hefur boðið fram. Þykir afsláttur sá, sem stefndi á rétt á, hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00, eða kr. 5.000.00 hærri en sá afsláttur, sem stefnandi hefur veitt. Er þá gert ráð fyrir, að stefnandi hafi selt innréttinguna á gangverði.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu verður dæmt að greiða hina umstefndu fjárhæð, kr. 19.041.00, að frádregnum kr. 5.000.00, eða samtals kr. 14.041.00 með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 7% frá 25. júlí 1969 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi H. Guðmundssyni húsgagnasmíðameistara og Kristni R. Sigurjónssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Matthías Karelsson og Svanhildur Karlsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Helga Gestssyni, kr. 14.041.00 með 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.